

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 68/2003**

**frá 20. júní 2003**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2003 frá 16. maí 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1756/2002 frá 23. september 2002 um breytingu á tilskipun 70/524/EBE um aukefni í föðri að því er varðar afturköllun á leyfi fyrir aukefni og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999 <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1876/2002 frá 21. október 2002 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis í föðri <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2188/2002 frá 9. desember 2002 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefna í föðri <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*I. gr.*

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/524/EBE):

„- **32002 R 1756**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1756/2002 frá 23. september 2002 (Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 284, 22.10.2002, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 333, 10.12.2002, bls. 5.

2. Eftirfarandi bætist við í lið 1k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999):

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 R 1756**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1756/2002 frá 23. september 2002 (Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1).“

3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 33. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB):

„34. **32002 R 1876**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1876/2002 frá 21. október 2002 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis í fíðri (Stjtið. EB L 284, 22.10.2002, bls. 7).

35. **32002 R 2188**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2188/2002 frá 9. desember 2002 um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefna í fíðri (Stjtið. EB L 333, 10.12.2002, bls. 5).“

#### 2. gr.

Texti reglugerða (EB) nr. 1756/2002, 1876/2002 og 2188/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

#### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 21. júní 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

#### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. júní 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**P. Westerlund**  
formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.